

Siglingaráð

14. fundur

Dags.: 7. mars 2019, kl. 11:00 til 13:30 í Samgöngustofu.

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda), Páll S. Pálsson (Landhelgisgæsla Íslands), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Halla Sigrún Sigurðardóttir (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Garðar Jóhannsson (Samtök verslunar og þjónustu), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnarmanna), Guðný Hrund Karlsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga)

Gestir fundar: Þórólfur Árnason (Samgöngustofa) og Sverrir Konráðsson (Samgöngustofa).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar.
2. Fundargerð 13. fundar Siglingaráðs. (Áp sendi í tölvupósti)

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ setti fundinn, bauð gesti velkomna og sagði frá nýlokinni kynningu á starfsemi Samgöngustofu. Þá fór hann nokkrum orðum um tilgang og markmið ráðsins sem er að vera ráðherra til faglegrar ráðgjafar um það sem varðar siglingar, hafnir og sjóvarnir.

1. Fundargerð 13. fundar samþykkt. HSH upplýsti að tillaga HS um breytingar á reglugerð nr. 463/1998 væri komin í farveg með nýjum reglugerðardrögum.
2. Kynning á EMCIP gagnagrunninum. ÓR upplýsti m.a. að ESB kröfur um skráningu sjóslysa og atvika í gagnagrunninn tóku gildi árið 2011 en Ísland hóf skráningar um mitt ár 2018. Grunnurinn uppfyllir allar okkar kröfur til skráninga og er stöðugt uppfærður. Lokið er innskráningu 400 slysa og atvika frá RNSA en eftir er að skrá um 1600 atvik sem ná aftur til ársins 2000. ÓR sýndi notendaviðmót grunnsins. Grunnurinn er einungis ætlaður samgönguyfirvöldum þ.e. Samgöngustofu og RNSA (hér á landi). Gagnagrunsmálið er enska en einnig hafa verið settir hlekkir í skýrslur RNSA. Hægt er að skoða tölfræði annarra landa og nýta þeirra skráningar til samanburðar. Í Evrópu hafa 36 aðilar aðgang að EMCIP grunninum. EMSA birtir heildartölfræði um atvikin á vefnum.

AH sagði að svona mikilvægar upplýsingar um slys og atvik ættu að vera aðgengilegar öllum en ekki bara innan stofnana. Lagði AH til að kanna möguleik á því að siglingatími/sjótími skipa væri skráður í grunninn, sbr. flugstundir flugvéla, en þær upplýsingar er hægt að sækja í AIS kerfið. Á það var bent að Ísland hefur sérstöðu varðandi AIS, almennt sé það ekki notað fyrir fiskiskip. Ekki er hægt að skrá siglingatíma í EMCIP – en hugsanleg innlend viðbót?.

Bent var á að bæta mætti við upplýsingum um lögskráningardaga sjómanna sem lenda í slysi. Í umræðunni kom fram að tryggingafélögin sendi ekki inn gögn um slys og tjón til RNSA.

Tilkynningar um atvik ber að senda til RNSA samkvæmt ákvæðum laga um nefndina og eru loks komið á samstarf við Sjúkratryggingar Íslands um að senda gögn til RNSA. Vonast er til að nýja atvikaskráningarkerfið sem Tryggvi Hjörvar er með í smíðum verði til þess að bæta skráningar frá sjómönnum, en kerfið ætti að vera tilbúið fyrir Sjómannadag. Rætt var um brotalöm á slysatilkynningum frá útgerðum til RNSA og leiðir til að fá aðila til að bæta sig í þeim efnum.

Tillaga var um að setja ákvæði um að slysa- og tjónabætur væru ekki greiddar út nema málið hafi verið tilkynnt til RNSA og skráð í EMCIP grunninn. Rætt lauslega um forvarnarvinnu í kjölfari skráðra atvika. Ákveðið að hafa áróður og fræðslu um mikilvægi atvikaskráninga í kringum Sjómannadagshelgina.

Koma þarf á sanngirnismenningu vegna atvikaskráninga líkt og í flugi þ.e. að óheimilt sé að nýta slíkar upplýsingar til sakfellingar.

3. EÓ upplýsti að frá síðasta fundi hafi verið gerðar lagfæringar á MLC reglugerðardrögunum og þau sett í samráðsgáttina. Umsagnir bárust frá þremur aðilum HS/SL, VM og SFS en reglugerðin fer í umfjöllun hjá ríkisstjórn á næstum dögum. Stefnt er á fullgildingu MLC í apríl sem væri ánægjulegt í tilefni af 100 ára afmæli ILO. HSS upplýsti að forstjóri ILO muni mæta á afmælisfund ILO í Reykjavík 4. apríl n.k. Á þ gerði athugasemd við orðalag í reglugerðinni en þar er ákvæði um „heimsendingu“ sjómanna og lagði til að breyta því í „heimflutning“ en IV lagði til að nota „heimferð“ sjómanns.

SK sagði frá breytingum sem gerðar hafa verið á samþykktinni frá árinu 2006 samkvæmt minnisblaði utanríkisráðherra: „Frá afgreiðslu Alþjóðavinnumálaþingsins árið 2006 hafa verið gerðar nokkrar breytingar á samþykktinni. 103. Alþjóðavinnumálaþingið, sem haldið var 2014, afgreiddi breytingar sem fela í sér skyldu skipstjórnarmanns til að hafa til reiðu um borð í skipi vottorð sem staðfesta fjárhagslega getu til að standa straum af kostnaði við að aðstoða skipverja sem lenda í áföllum, t.d. vegna slysa eða veikinda. Árið 2016 á 105. Alþjóðavinnumálaþinginu var bætt inn ákvæðum um aðgerðir gegn áreitni og einelti um borð í skipum. Einnig voru ákvæði um útgáfu og endurskoðun skírteina um vinnuskilyrði gerð ítarlegri. Á 107. Alþjóðavinnumálaþinginu árið 2018 voru gerðar breytingar sem tryggja réttindi farmanna sem haldið er föngnum um borð í skipi eða utan skips í tengslum við sjórán eða vopnuð rán. Breytingarnar hafa m.a. að markmiði að farmenn á skipum sem rænt er af sjóræningjum fái greidd laun á þeim tíma sem frelsissviptingin stendur“.

HS benti á að MLC væri einn heildarpakki og að ekki ætti að búta hann niður og innleiða ákvæðin í hinum og þessum lögum og reglugerðum.

HS spurði um hvenær til stæði að fullgilda ILO C 188. VV sagði að flest ákvæði þeirrar samþykktar væru þegar uppfyllt í íslenskum lögum og reglugerðum. Rétt að skoða innleiðingu slíkra alþjóðlegra reglna í heild fremur en með dreifðum ákvæðum í reglugerðum.

4. AH sagði frá heimsókn LS til 112/VSS og samtölum við starfsfólk þar um tilkynningaapp Neyðarlínu (sjá einnig fundargerð 12. fundar). 112 er að innleiða appið við tilkynningar í og úr höfn. LHG og starfsmenn Vaktstöðvar hafa bent á mikilvægi þess að virkni talstöðvar sé könnuð áður en skip leggja úr höfn. AH sagði að LS hafi ákveðið að birta tilkynningu 112 um appið á heimasíðu sinni og bætt við hvatningu til skipstjóra að prófa talstöðvar fyrir brottför úr höfn. AH upplýsti að það komi skilaboð í appinu ef tilkynning/skráning tekst ekki. HS benti á að þegar tilkynnt er með talstöð að þá vita einnig önnur skip í eða við höfnina um ferðir bátsins en það er öryggisatriði. Ráðuneytið mun taka málið til skoðunar.

HÁ opnaði umræðu um truflanir í fjarskiptum vegna LED ljósa. Það er mál sem verður að skoða og taka fyrir í reglugerð um skipsbúnað.

5. AH kynnti tillögu LS um að láta breyta 24. gr. reglugerðar nr. 80/2013 um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa. Núverandi texti 24. gr. er eftirfarandi:

„Trúnaður við meðferð upplýsinga.

Vaktstöð siglinga er heimilt að veita lögregluþyriföldum og öðrum opinberum eftirlitsaðilum upplýsingar sem þeim eru nauðsynlegar vegna eftirlits og rannsóknar mála.

Vaktstöð siglinga og stjórnvöld skulu gæta fyllsta trúnaðar við meðferð upplýsinga sem þau fá í hendur samkvæmt þessari reglugerð.“

Í dag er fjarvöktunarkerfi VSS lokað öðrum en hafnaryfirvöldum sem kaupa sér aðgang að upplýsingunum. Staðsetning skipa er ekki leyndarmál lengur því hægt er að fylgjast með siglingu skipa á MarineTraffic síðunni þar sem útgerðir og aðstandendur skipverja að fylgjast með skipum. Gallinn við að nota MarineTraffic er að síðan er óáreiðanleg því stór svæði eiga það til að detta út. Tillaga LS er að opnað verði fyrir aðgang að hluta kerfis VSS á sérstakri heimasíðu en til þess þarf breytingu á reglugerð nr. 80/2013. Hagsmunaaðilar sem á fundinum voru eru hlynntir því að aðgangur verði opnaður. AH ætlar að senda formlegt erindi á ráðuneytið og verður Siglingaráð upplýst um gang mála.

6. Önnur mál

- a. Reglugerð um siglingaleiðir. ÁP upplýsti að verið sé að mynda vinnuhóp sem fer yfir málið.
- b. Í London dagana 29. apríl til 3. maí n.k. verður fundur HTW undirnefndar IMO sem fjallar um mannlega þáttinn, þjálfun og vaktstöður. ÁP ætlar að senda dagskrá fundarins á fulltrúa í Siglingaráði. Þann 25. mars verður hér á landi undirbúningsfundur hjá Samgöngustofu og er þátttaka opin fyrir þá fulltrúa sem hafa áhuga á að sækja fundinn.
- c. VV upplýsti að lögð hafi verið fram á Alþingi tillaga til þingsályktunar um að heiðra minningu þeirra Íslendinga sem fórust í seinni heimsstyrjöldinni. Heildarfjöldi Íslendinga sem þá féll af völdum stríðsátaka var um 211 eða 0,17% af íbúafjölda landsins. VV lagði til að Siglingaráð taki undir að gerður verði minnisvarði um Íslendingana sem fórust. Siglingaráð styður þessa þingsályktunartillögu og ætlar ÁP að útbúa skjal þess efnis. Hlekkur á tillöguna: <https://www.althingi.is/alttext/149/s/0083.html>
- d. HS opnaði umræðu um stöðu kaupskipaútgerðar á Íslandi. Fram kom m.a. að eingöngu 6 kaupskip væru undir íslenskum fána í dag en mikill fjöldi skipa í eigu Íslenskra aðila eru skráð undir erlendum fánum. Ástæður þessa eru taldar einkum vegna skatta- og launamála, ásamt því að íslenskar reglur eru almennt stífari og breytingar á skráningu skipa seinvirkar. Samhljómur var um að gera þurfi íslenskan siglingafána áhugaverðan til að fá útgerðir til að skrá kaupskipin hér og með því m.a. að tefja fyrir fækkun Íslendinga í áhöfnum skipanna. Sett voru lög árið 2007 sem áttu að liðka fyrir skráningu með ívilnunum en álit ESA taldi þær ólögmetar. Skýrsla um stöðu kaupskipaútgerða var unnin á vegum fjármálaráðuneytis árið 2014 og ætlar ÁP að finna skýrsluna. Fjallað verður aftur um þetta mál síðar.
- e. Fulltrúar komi með hugmyndir á næsta fundi um viðburði í tilefni Alþjóðasiglingadagsins sem verður í september n.k.
- f. Á næsta fundi verður farið yfir stöðu verkefna í áætlun um öryggi sjófarenda.

7. Næsti fundur verður fimmtudaginn 4. apríl 2019. ÁP boðar í tölvupósti.

IV ritaði fundargerð.